

Tilmæli 10/2021

| | |
|-------------------|--|
| Fyrri skjalsnúmer | A 1857/tillväxt |
| Afgreiðsla | Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin |
| Fylgiskjal/-skjöl | Nefndarálit um þingmannatillögu um aðgerðir til að hamla á móti brotastarfsemi í byggingariðnaði (A 1857/tillväxt) |

Upplýsingaskipti, þróun og samræming aðgerða til að hamla á móti brotastarfsemi í byggingariðnaði

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 29. júní 2021 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær efli samstarf og skipti á upplýsingum, sem auðveldi eftirlit með fyrirtækjum í byggingariðnaði sem starfa á mörgum Norðurlandanna og auki skilvirkni vinnu að greiningu á og í því skyni að komast hjá brotastarfsemi á vinnumarkaði

að þær komi á fót landsbundnum skráum yfir fyrirtæki í byggingariðnaði til nota í opinberum útboðum og útboðum einkaaðila og að leyfður verði gagnkvæmur aðgangur að þessum skráum milli hlutaðeigandi yfirvalda á Norðurlöndunum

að þær samræmi stefnu sína að því er varðar evrópskan vettvang gegn svartri atvinnustarfsemi

Kaupmannahöfn, 2. júlí 2021

Bertel Haarder

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs